



56. fundur

56. fundur Svæðisskipulagsnefndar Suðurnesja haldinn fimmtudaginn 26. febrúar 2026, kl. 16:00. Fundurinn er haldinn í fundarsal Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum, Skógarbraut 945, 262 Reykjanesbæ.

Mætt eru: Eysteinn Eyjólfsson, Björn Ingi Edvardsson, Jón Guðnason, Karl Alvarsson, Guðrún P. Ólafsdóttir, Ingþór Guðmundsson, Davíð Viðarsson, Einar Jón Pálsson, Magnús Stefánsson, skipulagsráðgjafar Anna Sóley Þorsteinsdóttir og Stefán Gunnar Thors, sem og Berglind Kristinsdóttir sem jafnframt ritaði fundargerð.

Forföll boðuðu: Jón B. Einarsson, Kjartan Már Kjartansson, Gunnar K. Ottósson og Lilja Sigmarsdóttir

Eysteinn Eyjólfsson formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

Dagskrá:

1. *Tillaga að endurskoðuðu Svæðisskipulagi Suðurnesja.*

Alls bárust 16 umsagnir í Skipulagsgátt á umsagnartímanum. Eftirfarandi sendu inn umsögn:

- Fiskistofa
- Suðurnesjabær
- Ferðamálastofa
- Hafnarfjarðarkaupstaður
- Landsnet
- Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja
- Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar
- Sveitarfélagið Vogar
- Landshelgisgæsla Íslands
- Veðurstofa Íslands
- Vegagerðin – Suðursvæði
- Hafrannsóknarstofnun
- Reykjanesbær
- Náttúrufræðistofnun
- Isavia
- Náttúruverndarstofnun

Svæðisskipulagsnefndin fór yfir innsendar umsagnirnar og brást við þeim eftir þörfum. Svæðisskipulagið verður uppfært í samræmi við ákvarðanir nefndarinnar og sent nefndinni til yfirlstrar tímanlega fyrir næsta fund sem haldinn verður þann 12. mars.



2. *Kostnaður við endurskoðun.*

Lagður fram viðaukasamningur, dags. 15.12.2025, til afgreiðslu svæðisskipulagsnefndar vegna breytingar á kostnaðaráætlun ráðgjafavinnu við svæðisskipulagsgerð. Gerð er grein fyrir forsendum breytinga á umfangi vinnu og kostnaði. Áætlað er að verkefninu ljúki í apríl 2026.

Viðaukasamningur samþykktur með öllum greiddum atkvæðum.

3. *Önnur mál.*

Ekki fleiri mál færð til bókar og fundi slitið kl. 17:10.